


# Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028

## Breyting á skilmálum verslunar- og þjónustusvæðis fyrir Uxahrygg



Rangárþing ytra



AÐALSKIPULAG RANGÁRÞING YTRA 2016-2028, TÓK GILDI 09.10.2019, EKKI Í KVARÐA Svæðið sem breytingum tekur er innan rauða hringins

### Greinargerð

Gerð er breyting á Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016–2028 skv. 2. mgr. 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Einungis er gerð textabreyting og er skilmálum fyrir verslunar- og þjónustusvæði VP6 breytt en uppráttur helst óbreyttur. Verslunar- og þjónustusvæðið er stækkað úr 3 ha í 5 ha og verður heimilt að vera með 15 gistiþlássi í stað 10.

### Forsendur

Svæðið er í landi Uxahryggjar 1. Í aðalskipulagi er svæðið verslunar- og þjónustusvæði sýnt með hringtákninu við sveitarfélagsmörk. Skógræktarsvæði Skógræktarfélags Rangæinga við Þverá er norðan lóðarinnar í Rangárþingi eystra. Engar jarðmyndanir eru á svæðinu sem falla undir sérstaka vernd vistkerfa og jarðminja skv. 61. gr. laga um náttúruvernd og engar þekktar fornminjar eru á svæðinu. Finnist áður óþekktar fornminjar skal stöðva framkvæmdir og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands. Í stefnu sveitarfélagsins í aðalskipulagi segir að á landbúnaðarsvæðum sé heimilt að stunda minniháttar atvinnurekstur þar sem er fóst búseta. Nú þegar er búið að reisa reisa 5 gistihús á svæðinu og er því verið að nýta núverandi innviði.

### Umhverfisáhrif

Líkleg áhrif af stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar eru metin skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlaða nr. 111/2021. Áhrif á landnotkun eru einnig metin óveruleg þar sem verið er að stækka núverandi verslunar- og þjónustusvæði, vegur og veitur eru þegar við svæðið og er því verið að nota núverandi innviði. Gott landbúnaðarland er tekið undir byggingar en vegna lítils umfangs, eða stækkunar uppá 2 ha eru áhrifin metin óveruleg.

### Breyting á greinargerð

Greinargerð fyrir breytingu

Tafla í kafla 2.3.4. Verslun og þjónusta

VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI				
Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Fjöldi gistiþlássa	Fjöldi gistiþlássa heimild
VP6	Uxahryggur	Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir uppbyggingu í tengslum við ferðaþjónustu, s.s. gistingu. Stærð svæðisins er um 3 ha.	10	10


Greinargerð eftir breytingu

Tafla í kafla 2.3.4. Verslun og þjónusta


VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI				
Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Fjöldi gistiþlássa	Fjöldi gistiþlássa heimild
VP6	Uxahryggur	Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir uppbyggingu í tengslum við ferðaþjónustu, s.s. gistingu. Stærð svæðisins er um 5 ha.	10	15

SAMPYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi, sem hefur fengið málsmeðferð skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í skipulags- og umferðarnefnd þann 1.9.2022 og í sveitarstjórn Rangárþings ytra þann 14.9.2022



Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann 5.10.2022




AÐALSKIPULAG RANGÁRÞING YTRA 2016-2028

### SKÝRINGAR

#### ATVINNA OG BYGGÐ

- IB Íbúðarbyggð
- F Fristundabyggð
- AF Afþreyingar- og ferðamannasvæði
- VP Verslun- og þjónusta
- S Samfélagsþjónusta
- OP Opín svæði
- Landbúnaðarsvæði
- SL Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Í Íþróttasvæði
- Ó Öbyggð svæði
- I Iðnaðarsvæði
- M Miðlunarlíón, stífla og göng
- ST Strandsvæði
- E Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- FV Flugbraut / lendingarstaður



Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028  
Breyting á skilmálum verslunar- og þjónustusvæðis fyrir Uxahrygg

VERK: 100808-001 BLAÐSTÆRD: A3 UNNID: MMR RÝNT: AB

MÆLIKVARÐI: Ekki í kvarða DAGS: 03.08.2022 DAGS.BREYT: ---

SAMPYKKT: **TILLAGA**